

Matsverkefni ársins eru fjögur: nám og námsárangur, líðan og þarfir nemenda, stjórnun og umbótastarf.

Innra mat í Grunnskólanum á Ísafirði

Ytri og innri stjórnun skólans

Jóna Benediktsdóttir er ábyrgðaraðili skýrslu

Efnisyfirlit

1. Samantekt	2
2. Um Grunnskólann á Ísafirði	3
3. Inngangur að skýrslu I.....	4
4. Markmið.....	4
5. Aðferðir vegna mats á stjórnun skólans	5
6. Viðmið.....	5
7. Niðurstöður	7
7.1 Niðurstaða, nemendakönnun.....	7
7.2 Niðurstaða, foreldrakönnun.....	10
7.3 Niðurstaða, aðrir starfsmenn en kennarar.....	16
7.4 Niðurstaða, könnun meðal kennara.....	20
8. Atriði til umhugsunar.....	27
9. Úrbótaáætlun	27
10. Endurmat.....	31
Fylgiskjöl.....	32
I Nemendakönnun	32
II Foreldrakönnun.....	33
III Könnun fyrir aðra starfsmenn en kennara	35
IV Könnun meðal kennara	37

1. Samantekt

Í vetur starfar sjálfsmatsteymi við Grunnskólann á Ísafirði. Teymið hittist að jafnaði einu sinni í viku. Í verkahring teymisins er að undirbúa innra mat á starfsemi í skólanum, leggja upp spurningar og rýna í niðurstöður þannig að sem mest gagn megi verða af þeim. Jóna Benediktsdóttir er teymisstjóri og ber ábyrgð á skýrslugerðinni.

Matsverkefni haustannar fjallar um stjórnun skólans. Fjallað er um sjónarhorn foreldra, kennara og annarra starfsmanna á bæði innri og ytri stjórnun skólans. Aðeins er fjallað um sjónarhorn nemenda á innri stjórnun. Meginmarkmið verkefnisins er fjórþætt:

Að fá fram mat nemenda á samskiptum við stjórnendur skólans.

Nemendur leita að eigin sögn ekki sérstaklega mikið til skólastjórnenda. Aðeins 24% nemenda segjast hafa leitað til þeirra. Um 12% nemenda telja erfitt að leita til skólastjórnenda og gerð hefur verið áætlun til að koma betur til móts við nemendur í þessu efni og auðvelda þeim að hafa áhrif í skólanum.

Að fá fram álit foreldra á samskiptum við stjórnendur skólans og mat þeirra á sérfræðipjónustu og stuðningi Ísafjarðarbæjar við skólastarfið. Einnig hvernig foreldrar meta þær breytingar sem gerðar voru á matseðlum skólans við upphaf þessa skólaárs.

Meirihluti foreldra leitar sjaldan til skólastjórnenda en af þeim sem það höfðu gert höfðu 35% leitað til stjórnenda vegna samskiptamála, 32% vegna mála er varða nám eða kennslu og 25% vegna annars konar mála. Aðeins 10% svarenda töldu erfitt að leita til stjórnenda skólans. Yfirleitt telja foreldrar að stjórnendur leggi sig fram um að finna lausnir sem virka á jákvæðan hátt fyrir börn þeirra en ábendingar komu um að fylgjast megi betur með hvort tillögur að lausnum virka eins og til er ætlast. Gerð hefur verið áætlun um hvernig skal bregðast við þessum ábendingum. Almennt eru foreldrar ánægðir með áherslu fræðslufirvalda í menntamálum en telja að gera megi betur hvað varðar sérfræðipjónustu. Langflestir foreldrar þeirra barna sem kaupa hádegismat í skólanum eru ánægðir með breytingarnar sem gerðar voru á matseðli skólans í haust.

Að fá fram skoðun annarra starfsmanna en kennara á samskiptum við nemendur og samskiptum milli nemenda, aðgengi að stjórnendum, áherslu á samvinnu í skólanum, möguleika á símenntun og mat þeirra á sérfræðipjónustu og stuðningi Ísafjarðarbæjar við skólastarfið.

Þeir starfsmenn skólans sem ekki sinna kennslu eru oftast í samskiptum við nemendur í frímínútum eða öðrum námshléum og hafa því gjarnan annað sjónarhorn en kennarar. Þeir sjá nokkrar brotalamir í samskiptum við nemendur og milli nemenda innbyrðis. Bætt samskipti er langtíma verkefni en gerð hefur verið áætlun til að greina ástandið frekar og bregðast við. Langflestir starfsmannanna telja aðgengi að stjórnendum skólans gott en leggja megi meiri áherslu á samvinnu og sinna símenntun betur. Þeir eru einnig almennt sammála því að

fræðslufirvöld leggi áherslu á gott og öflugt skólastarf en eru ekki jafn ánægðir með sérfræðipjónustuna sem veitt er af hálfu sveitarfélagsins.

Að fá fram mat kennara á samskiptum milli nemenda og samskiptum nemenda og starfsmanna. Einnig mat þeirra á aðgengi að stjórnendum, stuðning stjórnenda við starfsþróun kennara, mat þeirra á framþróun í námi og kennslu og faglegri umræðu við skólann og mat kennara á sérfræðipjónustu og stuðningi Ísafjarðarbæjar við skólastarfið.

Kennarar telja samskipti sín við nemendur og samskipti milli nemenda almennt vera jákvæð. Langflestir þeirra telja framþróun náms og kennslu verða til í samstarfi kennara og stjórnenda sem og mótun framtíðarsýnar fyrir skólann. Allir telja aðgengi að stjórnendum gott og að þeir styðji vel við þróunarverkefni í skólanum. Flestir eru ánægðir bæði með hvernig stjórnendur styðja við starfsþróun kennara og samstarfsmöguleika sína innan skólans. 25% kennara telja að betur megi gera hvað varðar málefnalega umræðu í skólanum og litlu færri að auka megi möguleika á símenntun. Gerð hefur verið áætlun til að greina þessa stöðu betur og bæta úr eftir megni. Kennarar finna lítið fyrir stuðningi fræðslufirvalda við starfsþróun og þróunarstarf í skólanum og nokkuð margir eru ósammála því að þar sé gert eins vel og hægt væri. Flestir eru hlutlausir þegar kemur að spurningunni um hvort fræðslufirvöld leggi áherslu á öflugt skólastarf en ósammála því að veitt sé viðeigandi sérfræðipjónusta.

2. Um Grunnskólann á Ísafirði

Skólinn heitir Grunnskólinn á Ísafirði og er að Austurvegi 6, Ísafirði. Hann er byggður sem einsetinn skóli fyrir um það bil 500 nemendur. Skólahúsnæðið samanstendur af þremur byggingum sem tengdar eru með tengibyggingum. Haustið 2008 var nýjasti hluti hússins tekinn í notkun, þar eru allar verkgreinastofur auk fjögurra almennra kennslustofa og bókasafns. Arkitekt þessarar byggingar er Einar Ólafsson.

Skólinn var fyrst formlega settur 1874 og hefur því starfað óslitið í 138 ár. Dægradvöl (lengd viðvera) er fyrir nemendur í 1.-3. bekk á vegum Íþrótt- og tólmstundaráðs Ísafjarðarbæjar.

Undanfarin ár hefur skólinn unnið eftir stefnunni „Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar“ en markmiðið með henni er að byggja upp sjálfsaga hjá nemendum og koma því til leiðar að þeir vilji haga sér vel til þess eins að vera ánægðir með sjálfa sig en ekki til þess að forðast refsingu eða hljóta umbun.

Grunnskólinn á Ísafirði hefur tekið þátt í *Olweusaráætluninni – gegn einelti og andfélagslegri hegðun* frá árinu 2002. Áætlunin byggist á því að vinna markvisst gegn einelti og er ætlað að vekja alla til umhugsunar um að einelti sé skaðlegt. Kennarar hafa fylgt áætluninni vel eftir og til dæmis eru bekkjarfundir virkur þáttur í skólastarfinu. Á þessu skólaári verður ekki greitt fyrir eineltiskannanir og telst skólinn því ekki formlegur þátttakandi í áætluninni en öll önnur vinna til varnar einelti verður með sama hætti og áður í skólanum.

Einkunnarorð skólans eru *virðing, samhugur, menntun*.

Virðing: *Í skólanum okkar ríkir virðing fyrir eigum, skoðunum og sérstöðu hvers og eins.*

Samhugur: *Í skólanum okkar ríkir gleði og vellíðan. Við finnum samstöðu og traust, hjálpumst að og erum örugg.*

Menntun: Í skólanum okkar ríkir vinnugleði, nýsköpun, gagnrýnin hugsun og virk uppbygging. Við höfum metnað, sköpunargleði, ábyrgð og kraft til að gera okkar besta.

Þessi orð eiga að endurspeglast í daglegu starfi skólans. Starf allra í skólanum á að miða að því að hlúa að hverjum einstaklingi á þann hátt sem hæfir þroska hans og styrkir sjálfsmynd hans. Lögð er áhersla á að allir njóti virðingar og finni að þeir séu hluti af skólasamfélaginu.

3. Inngangur að skýrslu I

Þessi skýrsla fjallar um innra mat Grunnskólans á Ísafirði. Gerð hefur verið matsáætlun fyrir skólann til fimm ára. Á síðasta skólaári var fjallað um líðan nemenda; kennslu, kennsluhætti, fagmennsku og starfsþróun; líðan starfsfólks og starfsanda, upplýsingagjöf skólans og síðast en ekki síst: samstarf heimila og skóla. Niðurstöður þeirrar vinnu má sjá í skýrslum ársins 2011 – 2012.

Að þessu sinni eru matsþættirnir: nám og námsárangur, líðan og þarfir nemenda, stjórnun, umbótaáðgerðir og þróunarstarf auk þess sem matsteymið leggur einnig grunn að endurskoðun skólanámskrár skólans með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla. Upplýsingar um líðan nemenda fáum við meðal annars úr könnunum sem skólinn kaupir af *Skólapúlsi* og frá *Rannsóknnum og greiningu* og eineltiskönnunum sem gerðar eru í öllum bekkjum skólans. Við mat á þáttunum nám og námsárangur eru niðurstöður samræmdra prófa notaðar, einnig er tekið tillit til breytinga sem gerðar hafa verið á námsmati í skólanum. Gerðar verða sérstakar kannanir meðal starfsfólks er snúa að þróunar- og umbótastarfi á vorönn.

Matsteymið ákvað að hefja vinnuna á þessu skólaári með því að skoða stjórnunarþáttinn í skólastarfinu og horfa þá bæði til innri og ytri þátta. Með innri þáttum er átt við starfið inni í skólanum og með ytri þáttum eru átt við stuðning sveitarfélagsins við skólastarfið. Gerðar voru kannanir meðal nemenda, foreldra, kennara og annarra starfsmanna til að fá upplýsingar um upplifun þessara aðila af stjórnun skólans. Starfsumhverfi kennara og annarra starfsmanna er um margt ólíkt, kennarar eru oftast með nemendum í skipulögðum kennslustundum en aðrir starfsmenn í frítíma þeirra og því líkur á að upplifun þessara aðila af samskiptum geti verið ólík. Starfsskyldur þessara hópa eru einnig ólíkar sem og skyldur sveitarfélagsins gagnvart þeim. Af þessum sökum var lagt upp með nokkuð mismunandi kannanir fyrir þessa hópa starfsmanna.

4. Markmið

Markmið með innra mati í Grunnskólanum á Ísafirði er að bæta skólastarfið og gera hagsmunaaðilum starfið sýnilegra. Sérstakir þættir þessa matsverkefnis eru:

Að fá fram mat nemenda á samskiptum við stjórnendur skólans.

Að fá fram álit foreldra á samskiptum við stjórnendur skólans og mat þeirra á sérfræðiþjónustu og stuðningi Ísafjarðarbæjar við skólastarfið. Að fá vitneskju um hvernig

foreldrum líka þær breytingar sem gerðar voru á matseðlum skólans við upphaf þessa skólaárs.

Að fá fram skoðun annarra starfsmanna en kennara á samskiptum við stjórnendur, samskiptum milli nemenda innbyrðis og samskiptum nemenda og starfsmanna, aðgengi að stjórnendum, stuðningi stjórnenda skólans við starfsþróun og mat þeirra á sérfræðipjónustu og stuðningi Ísafjarðarbæjar við skólastarfið.

Að fá fram mat kennara á samskiptum milli nemenda og samskiptum nemenda og starfsmanna. Einnig mat þeirra á aðgengi að stjórnendum, stuðningi stjórnenda við starfsþróun kennara, mat þeirra á framþróun í námi og kennslu við skólann og mat kennara á sérfræðipjónustu og stuðningi Ísafjarðarbæjar við skólastarfið.

Niðurstöður matsins verða notaðar til að bæta verkferla í skólanum og við starfsþróun fyrir stjórnendur.

5. Aðferðir vegna mats á stjórnun skólans

Lagðar voru kannanir fyrir nemendur, foreldra, kennara og aðra starfsmenn. Þessar kannanir voru samdar af matsteyminu með hliðsjón af könnunum sem gerðar hafa verið í öðrum skólum og þeim upplýsingum sem teymið taldi nauðsynlegt að fá. Foreldrar höfðu fengið þær spurningar sem beint var til þeirra heim með börnum sínum en svöruðu svo rafrænt á heimasíðu skólans á foreldraviðtalsdegi. Hægt var að svara í tölvustofu, á bókasafni og í tveimur skólastofum. Þess var gætt að foreldrar hefðu næði til að svara könnuninni. Kannanir fyrir starfsmenn skólans voru framkvæmdar þannig að send var vefslóð á könnunina í tölvupósti til hvers og eins. Framkvæmd nemendakönnunar var með þeim hætti að kennarar fóru með hópá í tölvustofu skólans þar sem nemendur opnuðu könnunina og svöruðu.

6. Viðmið

Nemendakönnun

Fyrsta spurningin var um tíðni erinda til skólastjórnenda og ekki var sett viðmið vegna hennar.

Í öðrum spurningum var spurt: hversu auðvelt nemendur teldu að leita til stjórnenda skólans, hversu auðvelt nemendur teldu að koma skoðunum sínum á framfæri við stjórnendur og hvernig nemendum þættu stjórnendur bregðast við erindum þeirra. Svarmöguleikar voru: mjög auðvelt, auðvelt, hef ekki reynslu af því, erfitt og mjög erfitt. Viðmið teymisins var að 90% nemenda veldu einhvern þriggja fyrri möguleikanna. Einnig var gefið rými fyrir opin svör. Öll slík svör voru skoðuð.

Foreldrakönnun

Fyrsta spurningin var um tíðni erinda til skólastjórnenda og ekki var sett viðmið vegna hennar. Aðrar spurningar voru ólíkar og því hver og ein tekin fyrir.

Í spurningu 2 þar sem spurt var um hvernig foreldrum fyndist að leita til skólastjórnenda var viðmiðið að 90% foreldra veldu möguleikana mjög auðvelt, auðvelt eða hef ekki skoðun.

Einnig var skoðað hve margir af þeim sem höfðu leitað til skólastjórnenda völdu jákvæða svarmöguleika og viðmið var að 90% þeirra gerðu það.

Í spurningu 3 þar sem spurt var um hvort foreldrum þættu skólastjórnendur leggja sig fram við að leysa úr viðfangsefnum var viðmiðið að 80% foreldra veldu svarmöguleikana alltaf eða oftast. Einnig var skoðað hve margir af þeim sem hafa reynslu völdu jákvæða svarmöguleika og viðmiðið var að 90% þeirra gerðu það.

Í spurningu 4 þar sem spurt var um hvort lausnir mála hafi verið jákvæðar eða neikvæðar fyrir barn var viðmiðið að 90% þeirra sem hafa reynslu af slíku teldu lausnina hafa verið jákvæða fyrir barnið.

Í spurningum 5 og 6 þar sem spurt var um stuðning fræðslufyrivalda við skólstarfið og hvort veitt sé viðeigandi sérfræðipjónusta á vegum Ísafjarðarbæjar var viðmiðið að 90% foreldra veldu jákvæða eða hlutlausa svarmöguleika.

Spurning 7 snérist um breytingar á matseðli skólans, viðmið vegna hennar var að 80% þeirra sem kaupa hádegismat fyrir börn í skólanum teldu breytingarnar góðar eða hlutlausar.

Í spurningu 8 var spurt hversu skólavænt foreldrar teldu samfélagið í Ísafjarðarbæ. Von okkar var að 80% foreldra veldu jákvæðari möguleikana.

Könnun meðal annarra starfsmanna en kennara

Fyrstu tvær spurningarnar snérist um álit starfsmanna á samskiptum í skólanum, annars vegar samskiptum nemenda og starfsfólks og hins vegar samskiptum nemenda innbyrðis. Gefnir voru fjórir svarmöguleikar, tveir jákvæðir og tveir fremur neikvæðir. Viðmið teymisins var að 90% starfsmanna veldu annan tveggja jákvæðu möguleikana.

Í spurningu 3 var spurt um aðgengi að stjórnendum. Viðmið var að 90% starfsmanna teldu aðgengi að stjórnendum mjög auðvelt eða auðvelt.

Spurning 5 snérist um að hve miklu leyti starfsfólk verði vart við áherslu á samvinnu. Viðmið var að 80% starfsmanna teldu áherslu á samvinnu mjög mikla eða frekar mikla.

Í spurningu 6 var spurt um hvort starfsmönnum þættu þeir geta fengið þá símenntun sem þeir telja sig þurfa. Viðmið var að 90% starfsmanna væru mjög eða frekar sammála því.

Spurningar 8 og 9 snérist um stuðning skólayfirvalda við skólstarfið. Spurt var um hversu sammála eða ósammála fólk væri því að fræðslufyrivöld leggi áherslu á gott og metnaðarfullt skólstarf og hvort veitt sé viðeigandi sérfræðipjónusta. Í báðum tilvikum var viðmið teymisins að 90% svarenda veldu tvo jákvæðari svarmöguleikana eða væru hlutlausir í svörum sínum. Í spurningu 11 var spurt hversu skólavænt starfsmenn teldu samfélagið í Ísafjarðarbæ. Von okkar var að 80% starfsmanna veldu jákvæðari möguleikana.

Spurningar 4, 7 og 10 voru opnar spurningar og öll svör við þeim hafa verið skoðuð.

Könnun meðal kennara

Fyrstu tvær spurningarnar snérist um upplifun kennara af samskiptum í skólanum, annars vegar samskiptum nemenda og starfsfólks og hins vegar samskiptum nemenda innbyrðis.

Gefnir voru fjórir svarmöguleikar, tveir jákvæðir og tveir fremur neikvæðir. Viðmið teymisins var að 90% kennara veldu annan hvorn jákvæðari möguleikann.

Spurningar 3 og 4 snérist um framþróun náms og kennslu og mótun framtíðarsýnar fyrir skólann. Viðmið teymisins var að 80% kennara teldu þessa þætti ráðast fyrst og fremst í samstarfi kennara og stjórnenda.

Í spurningu 5 var spurt um hversu auðvelt kennarar teldu aðgengi að stjórnendum skólans vera. Viðmið teymisins var að allir kennarar álitu það mjög auðvelt eða auðvelt.

Spurning 7 var um hvort kennurum þætti gagnrýnin og málefnaleg umræða fara fram í skólanum. Viðmið teymisins var að 90% kennara teldi svo vera.

Í spurningu 8 var spurt um áherslu á samvinnu í skólanum. Viðmið var að 90% kennara væru annað hvort mjög sammála eða frekar sammála því að mikil áhersla sé lögð á samvinnu í skólanum.

Spurning 9 var um hvort skólastjórnendur sýni þróunarverkefnum áhuga og styðji við þau. Viðmiðið var að allir kennarar veldu jákvæða svarmöguleika við þessari spurningu.

Spurning 10 var um möguleika á símenntun. Viðmið teymisins var að 90% kennara svöruðu að þeir væru mjög eða frekar sammála því að þeir geti fengið þá símenntun sem þeir telja sig þurfa.

Spurning 11 var um stuðning stjórnenda við starfsþróun kennara. Viðmið var að allir kennarar væru mjög eða frekar sammála því að stjórnendur styðji vel við starfsþróun þeirra.

Í spurningum 13 til 16 var spurt um upplifun kennara af stuðningi fræðslufirvalda við skólastarfið. Áhuga fræðslufirvalda og stuðning við þróunarverkefni, starfsþróun kennara og áherslu á gott og öflugt skólastarf. Einnig um hvort fræðslufirvöld veiti fullnægjandi sérfræðiþjónustu. Spurningarnar voru settar fram sem fullyrðingar. Svarmöguleikar voru: mjög sammála, sammála, hvorki sammála né ósammála, ósammála og mjög ósammála.

Viðmið teymisins var að 90% kennara veldu einhvern þriggja fyrstu svarmöguleikanna.

Átjándi spurning var um hversu skólavænt kennarar teldu samfélagið í Ísafjarðarbæ vera.

Kennarar voru beðnir um að merkja við á kvarðanum frá 5-1 þar sem 5 er best en 1 lakast.

Viðmið teymisins var að 80% kennara merktu við valmöguleikann 5 eða 4.

Spurningar 6, 12 og 17 voru opnar spurningar og öll svör við þeim hafa verið skoðuð.

7. Niðurstöður

Fjórar kannanir voru gerðar í þessum matsþætti og kaflinn um niðurstöður í fernu lagi til samræmis við það.

7.1 Niðurstaða, nemendakönnun

Fjöldi nemenda sem fékk könnunina var 255. Nokkuð misjafnt var hve margir svöruðu hverri spurningu eða allt frá 232 til 240 þátttakendum. Ef miðað er við 232 er svarhlutfallið 91% en ef miðað er við 240 er svarhlutfallið 93%.

Spurning 1


Hversu oft hefur þú leitað til stjórnenda skólans á þessu eða síðasta skólaári með..						
Svarmöguleikar	aldrei	1-2	3-4	5-6	oftar	fjöldi svara
mál er varða samskipti?	180	43	3	2	6	234
mál er varða nám eða kennslu?	181	33	8	0	5	227
mál er varða annað en að ofan greinir?	181	33	4	2	5	225
<i>svöruðu spurningu</i>						238
<i>slepptu spurningu</i>						5

Af þeim 238 sem svöruðu þessari spurningu höfðu um 76% nemenda aldrei leitað til skólastjórnenda. Aðeins um 3% nemenda hafa leitað til skólastjórnenda oftast en fjórum sinnum. Af þeim sem hafa leitað til stjórnenda völdu flestir svarmöguleikann 1-2 sinnum eða um 80%.

Spurning 2

Hversu auðvelt telur þú að leita til stjórnenda skólans?		
svarmöguleikar	hlutfall	fjöldi
Mjög auðvelt	17,9%	43
Frekar auðvelt	29,6%	71
Hef ekki reynslu af því	40,0%	96
Frekar erfitt	9,2%	22
Mjög erfitt	3,3%	8
<i>svöruðu spurningu</i>		240
<i>slepptu spurningu</i>		3


Viðmið teymisins var að 90% nemenda völdu einhvern fyrstu þriggja möguleikanna. 87,5% svara féllu í þá flokka.



Spurning 3

Hversu auðvelt telur þú að koma skoðunum þínum á framfæri við skólastjórnendur?		
svarmöguleikar	hlutfall	fjöldi
Mjög auðvelt	19,2%	46
Frekar auðvelt	24,7%	59
Hef ekki reynslu af því	34,3%	82
Frekar erfitt	14,2%	34
Mjög erfitt	7,5%	18
<i>svöruðu spurningu</i>		239
<i>slepptu spurningu</i>		4


Hér féllu svör 78% nemenda undir fyrstu þrjá svarmöguleikana sem er nokkru minna en viðmið sem teymið setti.



Spurning 4

Hvernig finnst þér skólastjórnendur bregðast við erindum þínum?		
svarmöguleikar	hlutfall	fjöldi
Mjög vel	19,0%	44
Oftast vel	29,7%	69
Hvorki vel né illa	37,5%	87
Frekar illa	7,8%	18
Mjög illa	6,0%	14
<i>svöruðu spurningu</i>		232
<i>slepptu spurningu</i>		11

Hér féllu svör 86% nemenda í fyrstu þrjá flokkana en 14% töldu að erindum þeirra væri frekar illa tekið. Viðmið teymisins var að 90% nemenda væru ánægðir með hvernig brugðist væri við erindum þeirra.



Nokkuð ósamræmi er hér í svörum milli spurninga þar sem sjá má í spurningu 3 að 157 (65%) nemendur höfðu reynslu af því að leita til stjórnenda en í spurningu 4 svöruðu 145 (63%) samkvæmt reynslu sinni af því. Munurinn er þó ekki mjög mikill.

Spurning 5 var opin spurning þar sem nemendur gátu komið með athugasemdir. 60 athugasemdir bárust. Margar þeirra voru marklausar, aðeins nafn nemanda eða annarskonar staðhæfingar, 6 af þessum 60 athugasemdum voru efnislegar ábendingar um atriði sem nemendur töldu að betur mætti fara í skólstarfinu. Ein snerist um upplýsingaflæði vegna námsferfðleika nemenda og fimm um það að nemendum fannst sem málum væri ekki fylgt nógu vel eftir, til dæmis ekki fylgst nógu vel með hvort úrræði uppfylltu væntingar.

7.2 Niðurstaða, foreldrakönnun


Fjöldi heimila sem stendur að skólanum er um það bil 260. Svörun var mun minni en við gerðum okkur vonir um og mun minni en við fengum á síðasta ári þegar svörun var 77%. Nokkuð misjafnt var hve margir svöruðu hverri spurningu eða allt frá 134 til 141. Ef miðað er við 141svar er svarhlutfallið 54% en ef miðað er við 134 er svarhlutfallið 51%.

Spurning 1

1. Hversu oft hefur þú leitað til stjórnenda skólans á þessu/síðasta skólaári með mál er varða..						
Valmöguleikar	aldrei	1-2 sinnum	3-5 sinnum	6-9 sinnum	oftar	fjöldi svara
samskipti?	87	36	5	3	2	133
nám eða kennslu?	82	25	10	2	0	119
annað en að ofan greinir?	81	23	3	0	1	108
<i>svöruðu spurningu</i>						141
<i>sleptu spurningu</i>						0

Af þeim 141 sem svöruðu þessari spurningu höfðu tiltölulega fáir leitað til stjórnenda skólans með eitthvert þessara viðfangsefna, eða 35% vegna samskipta, 31% vegna náms eða kennslu og 25% vegna annarskonar viðfangsefna.


Af meðfylgjandi myndriti sem sýnir hlutfallsskiptingu svaranna má sjá að 7% foreldra hafa leitað oftar en tvisvar sinnum til stjórnenda með mál er varða samskipti, 10% með mál er varða nám eða kennslu og 4% með önnur mál.



Hér má sjá hlutfallslega skiptingu svaranna.

Spurning 2

Hér var spurt um hvernig foreldrum fyndist að leita til stjórnenda skólans. Svarmöguleikar voru: mjög auðvelt, auðvelt, hef ekki reynslu af því, frekar erfitt og erfitt. Viðmið teymisins var að 90% foreldra veldu einhvern þriggja fyrstu valmöguleikanna.




Niðurstöður sýna að 90% foreldra finnst mjög auðvelt eða auðvelt að leita til stjórnenda skólans eða einmitt á viðmiðunarmörkum teymisins. Ef aðeins eru skoðuð svör þeirra sem

svöruðu samkvæmt reynslu má sjá að 86% þeirra töldu auðvelt að leita til stjórnenda skólans en 13% erfitt.

Spurning 3

3. Hafa stjórnendur lagt sig fram við að leysa úr viðfangsefnum sem þú hefur komið með til þeirra?		
svarmöguleikar	hlutfall	fjöldi
Alltaf	32,4%	44
Oftast	27,2%	37
Hvorki né	7,4%	10
Sjaldan	2,9%	4
Aldrei	3,7%	5
Hef ekki reynslu af því	26,5%	36
<i>svöruðu spurningu</i>		136
<i>slepptu spurningu</i>		5

Viðmið teymisins var að 80% þeirra sem hefðu reynslu af því að leita til stjórnenda teldu að þeir hefðu lagt sig fram um að leysa úr málum. Ef aðeins eru skoðuð svör þeirra sem hafa reynslu af að leita til stjórnenda má sjá að 81% þeirra sem þannig svöruðu töldu að stjórnendur leggi sig alltaf eða oftast fram um að leysa úr viðfangsefnum sem komið er með til þeirra.




Spurning 4.

4. Hafi komið upp mál varðandi þitt barn í skólanum, hvernig var það leyst?		
svarmöguleikar	hlutfall	fjöldi
Hef ekki reynslu af slíku.	44,0%	59
Málið var leyst með jákvæðum hætti fyrir barnið.	43,3%	58
Málið var leyst með neikvæðum hætti fyrir barnið.	7,5%	10
Engin lausn fannst.	5,2%	7
Annað sem þú vilt taka fram?		8
<i>svöruðu spurningu</i>		134
<i>sleptu spurningu</i>		7

Viðmið teymisins var að 90% þeirra sem svöruðu samkvæmt reynslu sinni af slíkum málum teldu að lausnin hefði verið jákvæð fyrir barnið.


Ef aðeins eru skoðuð svör þeirra sem sögðust hafa reynslu af lausn mála með börnum sínum má sjá að 78% töldu reynsluna hafa verið jákvæða fyrir barnið en viðmið teymisins hér voru að 90% foreldra teldu svo vera.



Hér var einnig möguleiki á opnum svörum frá foreldrum. Átta svör bárust. Í einu þeirra kom fram að erfitt hafi verið að svara með þessum svarmöguleikum því oft séu lausnir hvorki jákvæðar né neikvæðar. Einnig kom fram að foreldrar vita að oft er erfitt að stoppa stríðni eða einelti þó svo að verið sé að vinna í málum. Í einu svari kom fram að foreldrar hafi þurft að leita til Skóla - og fjölskylduskrifstofu eftir lausn.


Í spurningum 5 og 6 voru fullyrðingar um stuðning stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar við skólustarfið. Valmöguleikar á svörum við þessum fullyrðingum voru: mjög sammála, sammála, hef ekki skoðun, ósammála og mjög ósammála. Teymið setti sem ásættanlega niðurstöðu að 90% foreldra veldu einhvern þriggja fyrri svarmöguleikanna.

Spurning 5.




Sjá má að 91% svara voru innan viðmiðs og einungis 9% foreldra voru ósammála þessari fullyrðingu.

Spurning 6




Hér má sjá að 77% forelda höfðu annað hvort ekki skoðun á málinu eða töldu þjónustuna fullnægjandi. 23% foreldra töldu hana hinsvegar ófullnægjandi. Ef aðeins eru skoðuð svör þeirra sem höfðu skoðun á málinu má sjá að 60% voru sammála þessari fullyrðingu en 40% voru ósammála. Við þessa spurningu var einnig reitur fyrir opin svör. Tvö svör bárust, annarsvegar að of löng bið væri eftir greiningu hjá sálfræðingi og hinsvegar að ekki væri þjónusta námsráðgjafa eða skólasálfræðings við skólann og því þyrftu allar tillögur að úrræðum að koma annars staðar frá.

Í spurningu 7 var spurt um afstöðu foreldra til breytinga sem orðið hafa á matseðli skólans. Aðeins voru talin svör þeirra sem eru með börn í hádegismat í skólanum.



93% foreldra voru annað hvort ánægð eða hlutlaus gagnvart breytingunum.

Í spurningu 8 voru foreldrar beðnir um að lýsa því hversu skólavænt þeir teldu samfélagið í Ísafjarðarbæ vera.



Ekki var sett viðmið vegna þessarar spurningar en sjá má að 61% svarenda töldu samfélagið fremur skólavænt.

7.3 Niðurstaða, aðrir starfsmenn en kennarar

Fjöldi starfsmanna sem fékkkönnunina var 26 en aðeins 16 svöruðu eða 61%.

Í spurningum eitt og tvö voru settar fram fullyrðingar um samskipti, annars vegar milli nemenda og starfsfólks og hins vegar milli nemenda innbyrðis. Gefnir voru fjórir svarmöguleikar, tveir jákvæðir og tveir neikvæðir. Viðmið teymisins var að 90% starfsmanna veldu annan tveggja jákvæðari möguleikanna.

Spurning 1

Hver eftirtalinnna fullyrðinga lýsir best samskiptum nemenda og starfsfólks að þínu mati?		
Svarmöguleikar	hlutfall	fjöldi
Samskipti starfsfólks og nemenda eru almennt góð og agavandamál fátíð.	0,0%	0
Samskipti starfsfólks og nemenda eru yfirleitt góð og starfsfólk ræður vel við þau mál sem upp koma.	68,8%	11
Samskipti starfsfólks og nemenda eru stundum erfið og vandamál nokkur.	31,3%	5
Samskipti starfsfólks og nemenda eru erfið og vandamál algeng.	0,0%	0
<i>svöruðu spurningu</i>		16
<i>slepptu spurningu</i>		0

Ljóst er að svör við þessari spurningu voru nokkuð langt frá viðmiði teymisins, aðeins 69% starfsmanna töldu samskipti starfsmanna og nemenda oftast jákvæð.


Spurning 2

Hver eftirtalinnna fullyrðinga lýsir best samskiptum nemenda í skólanum að þínu mati?		
Svarmöguleikar	hlutfall	fjöldi
Samskipti nemenda eru yfirleitt góð og árekstrar fátíðir.	6,3%	1
Samskipti nemenda eru yfirleitt góð en árekstar verða öðru hverju.	68,8%	11
Samskipti nemenda eru stundum erfið og árekstrar talsverðir.	25,0%	4
Samskipti nemenda eru erfið og mikið um árekstra.	0,0%	0
<i>svöruðu spurningu</i>		16
<i>slepptu spurningu</i>		0

Hér er staðan nokkuð nær viðmiði þar sem 75% starfsmanna svöruðu því til að þeir álíti samskipti milli nemenda yfirleitt jákvæð.


Spurning 3

Hér var spurt um hvernig starfsmenn mætu aðgengi að stjórnendum skólans. Viðmið teymisins var að 90% starfsmanna teldu það mjög gott eða gott eða hefðu ekki reynslu til að meta það.




94% starfsmanna töldu aðgengi að stjórnendum skólans auðvelt eða höfðu ekki reynslu til að meta það, sem er innan viðmiðunarmarka teymisins.

Spurning 5



Viðmið teymisins var að 80% svara féllu í valmöguleikana mjög sammála eða sammála. Einungis 62,5% svara féllu þannig.

Spurning 6




Viðmið teymisins var að 90% starfsmanna væru mjög sammála eða sammála þessari fullyrðingu. Ljóst er að aðeins 31% svara féllu í þá flokka og 32% eru þessu ósammála.

Spurning 7 var opin en við henni bárust engin svör.


Í spurningum 8 og 9 eru fullyrðingar um stuðning stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar við skóalstarfið. Valmöguleikar á svörum við þessum fullyrðingum voru: mjög sammála, sammála, hef ekki skoðun, ósammála og mjög ósammála. Teymið setti sem ásættanlega niðurstöðu að 90% starfsmanna veldu einhvern af þremur fyrstu svarmöguleikunum.

Spurning 8




Enginn úr þessum starfsmannahópi í skólanum var ósammála þessari fullyrðingu.

Spurning 9



Ef tekin eru saman þau svör sem féllu innan viðmiða má sjá að 80% svarenda völdu möguleikana mjög sammála, sammála eða hvorki né, en viðmið teymisins voru að 90% svarenda völdu þessa möguleika. En aðeins 31% starfsmanna var sammála þessari fullyrðingu og 19% starfsmanna eru ósammála því að veitt sé fullnægjandi sérfræðiþjónusta, stærsti hópurinn hefur ekki skoðun á málinu.

Í spurningu 11 voru svarendur beðnir um að lýsa því hversu skólavænt þeir teldu samfélagið í Ísafjarðarbæ vera.



Ekki var sett viðmið vegna þessarar spurningar en sjá má að 50% svarenda töldu samfélagið fremur skólavænt.

7.4 Niðurstaða, könnun meðal kennara

Fjöldi kennara sem fékk könnunina var 44, svör bárust frá 33 eða 75%.

Í spurningum eitt og tvö voru settar fram fullyrðingar um samskipti annars vegar nemenda og starfsfólks og hinsvegar nemenda innbyrðis. Gefnir voru fjórir svarmöguleikar, tveir jákvæðir og tveir neikvæðir. Viðmið teymisins var að 90% kennara veldu annan hvorn jákvæða möguleikann.

Spurning 1

Hver eftirtalinna fullyrðinga lýsir best samskiptum nemenda og starfsfólks að þínu mati?		
Svarmöguleikar	hlutfall	fjöldi
Samskipti starfsfólks og nemenda eru almennt góð og vandamál fátíð.	18,8%	6
Samskipti starfsfólks og nemenda eru yfirleitt góð og starfsfólk ræður vel við þau mál sem upp koma.	71,9%	23
Samskipti starfsfólks og nemenda eru stundum erfið og vandamál talsverð.	9,4%	3
Samskipti starfsfólks og nemenda eru erfið og vandamál algeng.	0,0%	0
	<i>svöruðu spurningu</i>	32
	<i>slepptu spurningu</i>	1


91% kennara töldu samskipti nemenda yfirleitt jákvæð, sett viðmið var að slík svör næðu 90%.

Spurning 2

Hver eftirtalinna fullyrðinga lýsir best samskiptum nemenda í skólanum að þínu mati?		
Svarmöguleikar	hlutfall	fjöldi
Samskipti nemenda eru yfirleitt góð og árekstrar fátíðir.	3,1%	1
Samskipti nemenda eru yfirleitt góð en árekstrar verða öðru hverju.	81,3%	26
Samskipti nemenda eru stundum erfið og árekstrar nokkuð tíðir.	15,6%	5
Samskipti nemenda eru erfið og árekstrar algengir.	0,0%	0
	<i>svöruðu spurningu</i>	32
	<i>slepptu spurningu</i>	1


Hér voru svör fyrir neðan viðmiðunarmörk, 84% kennara töldu samskipti nemenda yfirleitt jákvæð en ásættanlegt viðmið er að mati teymisins 90%.

Í spurningu 3 var spurt um hvernig framþróun náms og kennslu í skólanum væri tilkomin að mati kennara.



Sett viðmið var að 80% kennara veldu svarmöguleikann sem samstarfsverkefni kennara og stjórnenda. 90% kennara töldu svo vera.


Í spurningu 4 var spurt um mótun framtíðarsýnar fyrir skólann. Þar var sett viðmið hið sama og í spurningu þrjú.



Hér valdi 91% kennara möguleikann „í samstarfi kennara og stjórnenda“.

Spurning 5


Hér var spurt um hvernig kennarar mætu aðgengi að stjórnendum skólans. Viðmið teymisins var að allir kennarar teldu það mjög gott eða gott eða hefðu ekki reynslu til að meta það.



Svör við þessari spurningu eru vel yfir viðmiðunarmörkum þar sem allir kennarar töldu aðgengið ýmist mjög auðvelt eða auðvelt.

Spurning 6 var opin spurning, eitt svar barst sem lýsti góðri samvinnu innan skólans.


Í spurningu 7 var spurt um málefnalega umræðu innan skólans.



Viðmið teymisins var að 90% kennara veldu svarmöguleikana mjög eða frekar sammála. 76% kennara gerðu það svo svör hér voru nokkuð langt undir viðmiðunarmarki.

Í spurningu 8 var sett fram fullyrðing um samvinnu starfsfólks.


Viðmið teymisins var að 90% svara féllu í valmöguleikana mjög sammála eða frekar sammála.



Sjá má að 85% svara féllu á þann veg.

Í spurningu 9 var spurt um áhuga og stuðning skólastjórnenda vegna þróunarverkefna.


Viðmið teymisins var að allir kennarar væru annað hvort mjög eða frekar sammála því að stjórnendur sýndu slíkum verkefnum áhuga og styddu við þau.



97% svara féllu í tvo jákvæðu flokkana.

Í spurningu 10 var spurt um möguleika á símenntun.


Viðmið teymisins var að 90% kennara væru mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu.



Aðeins 67% svara féllu innan viðmiðunarmarka teymisins. 23% kennara eru því ekki nógu sátt við þá möguleika sem þau telja sig hafa á símenntun.

Í spurningu 11 var spurt um stuðning stjórnenda við starfsþróun kennara.

Viðmið teymisins var að allir kennarar væru annað hvort mjög eða frekar sammála því að stjórnendur styddu vel við starfsþróun þeirra.




85% svara féllu innan viðmiðunarmarka teymisins, 15% völdu svarmöguleikann hvorki sammála né ósammála.

Spurning 12 var opin og bárust þrjár athugasemdir. Þær sneru allar að símenntun. Fram kom að kennarar teldu kostnað stundum vera hamlandi þátt, fjarlægð frá námskeiðsstað hefði einnig áhrif, þar sem fólk þarf oft að taka frídag sitt hvoru megin við námskeiðsdaga vegna ferðalaga.


Í spurningum 13-16 voru settar fram fullyrðingar um stuðning stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar við skólastarfið. Valmöguleikar á svörum við þessum fullyrðingum voru: mjög sammála, frekar sammála, hef ekki skoðun, ósammála og mjög ósammála. Teymið setti sem ásættanlega niðurstöðu að 90% veldu einhvern þriggja fyrri svarmöguleikanna.

Í spurningu 13 var spurt um stuðning fræðslufirvalda við þróunarstarf.




Aðeins 22% kennara völdu svarmöguleikana: mjög eða frekar sammála, 50% völdu hvorki né og 28% voru fullyrðingunni ósammála.

Í spurningu 14 var spurt um stuðning fræðslufirvalda við starfsþróun kennara.




Eins og áður var viðmið teymisins að 90% kennara væru sammála þessari fullyrðingu eða veldu hlutlausan möguleika, 78% svara féllu þannig, en sjá má að aðeins 22% kennara svöruðu að þau væru sammála þessari fullyrðingu eða jafn hátt hlutfall og var henni ósammála.

Í spurningu 15 var fullyrt að fræðslufirvöld leggi áherslu á gott og öflugt skólastarf.



81% svara féllu innan viðmiðunarmarka. Aðeins 28% kennara voru sammála þessari fullyrðingu, 53% völdu hlutlausann möguleika og 19% voru ósammála.

Í spurningu 16 var sérfræðiþjónusta sem skólanum býðst á vegum sveitarfélagsins til umfjöllunar.




Hér féllu aðeins 34% svara innan viðmiðunarmarka. Aðeins 6% kennara voru mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu og 66% voru ósammála.

Spurning 17 var opin spurning þar sem þátttakendum bauðst að koma með athugasemdir. Sex athugasemdir bárust. Þær snérist að miklu leyti um sérfræðiþjónustuna, til dæmis að ekki væri fullnægjandi að fá sálfræðing aðeins einu sinni í mánuði, ekki væri nóg að beita einungis greiningum, fræðslufirvöld þyrftu að beita sér fyrir eftirfylgni og frekari úrræðum fyrir nemendur í vanda. Einnig var nefnt að afleitt væri að hafa ekki starfandi talmeinafræðing við

skólann og þjónustu vantaði frá námsráðgjafa. Í ummælunum var einnig komið inn á símenntun, þar sem nefnt var að bæjarfélagið stæði sig ekki nóg vel án þess að það væri skilgreint nánar.

Í spurningu 18 voru svarendur beðnir um að lýsa því hversu skólavænt þeir teldu samfélagið í Ísafjarðarbæ vera. Ekki var sett viðmið vegna þessarar spurningar en sjá má að 53% svarenda töldu samfélagið fremur skólavænt.



8. Atriði til umhugsunar

Við mat eins og þetta koma ávallt upp túlkunatriði sem erfitt er að fara með. Það á við til dæmis um samskipti milli nemenda, þau geta virst í lagi þótt þannig sé í raun ekki eða öfugt.

Þar sem spurt var um hvort svarendur teldu erfitt eða auðvelt að leita til stjórnenda hefði líklega verið gott að óska eftir ábendingum um af hverju sumir telja það erfitt. Fyrir því geta verið margskonar ástæður sem ekki endilega tengjast núverandi stjórnendum skólans. Í spurningunni um málefnalega umræðu innan skólans telur teymið að spyrja hefði þurft skýrar þannig að ljóst hefði verið að ekki var til dæmis átt við umræðu í kaffitímum eða öðrum frítímum.

9. Úrbótaáætlun

Úrbótaáætlunin er í fernu lagi eins og aðrir kaflar. Aðeins eru teknar fyrir þær spurningar þar sem svör viku svo langt frá viðmiðum að ástæða er talin til að gera sérstaka úrbótaáætlun vegna þeirra.

Nemendakönnun

Spurningar tvö og þrjú eru tengdar og því fjallað um þær saman hér

Spurning 2 *Hversu auðvelt telur þú að leita til stjórnenda skólans?*

Spurning 3 *Hversu auðvelt telur þú að koma skoðunum þínum á framfæri við skólastjórnendur?*

Í svörum kom fram að 12% nemenda töldu fremur erfitt að leita til skólastjórnenda og 22% töldu fremur erfitt að koma skoðunum sínum á framfæri við þá. Skólastjórnendur vilja gjarnan að nemendum finnist þeir geta leitað til þeirra ef upp koma vandamál sem hægt er að hjálpa þeim við að leysa úr. Til að auka líkur á því er lagt til að:

- hlutverk skólastjórnenda hvað varðar aðstoð við nemendur verði kynnt sérstaklega fyrir nemendum við skólasetningu. **Ábyrgð: SOV.**
- skólastjórnendur setji upp spjöld við skrifstofur sínar sem útskýra að þeirra hlutverk sé að aðstoða nemendur eftir föngum. **Ábyrgð: SOV/JB/GHM/RP**
- hlutverk skólastjórnenda hvað varðar aðstoð við nemendur verði kynnt á haustfundum foreldra og reglulega t. d. einu sinni í viku, á nemendaskjá. **Ábyrgð: SOV/JB.**
- að nemendaráð verði virkjað betur til að gæta almennra hagsmuna nemenda innan skólans. **Ábyrgð: SOV/GHM.**
- lögð verði áhersla á að ræða hagsmunamál nemendahópsins á bekkjarfundum og koma ábendingum sem fram koma til skólastjórnenda. **Ábyrgð: Umsjónarkennarar.**
- haldið verði „nemendaping“ þar sem nemendur unglingsstigs taka ákveðin atriði til umfjöllunar með þjóðfundarsniði. **Ábyrgð: GHM/JB**

Spurning 4 *Hvernig bregðast skólastjórnendur við erindum þínum?*

Hér voru svör rétt innan viðmiðunarmarka og verður því ekki gerð sérstök úrbótaáætlun vegna þess. En skólastjórnendur hafa ætíð í huga mikilvægi þess að bregðast vel við erindum nemenda, - jafnvel þegar aðeins er um að ræða að útskýra fyrir þeim af hverju ekki er hægt að verða við óskum þeirra.

Foreldrakönnun

Svör voru innan viðmiðunarmarka nema við spurningum fjögur og sex.

Spurning 4 *Hafi komið upp mál varðandi barnið þitt, hvernig var það leyst?*

Viðmið var að 90% þeirra sem svöruðu samkvæmt reynslu sinni teldu lausnir hafa verið jákvæðar fyrir nemendur en svör aðeins 78% þeirra sem tóku þátt, féllu þannig.

Til að auka líkur á að mál leysist farsælliga er lagt til að stjórnendur setji sem vinnureglu að hringja í foreldra viku (eða á umsömdum tíma) eftir að ákvarðanir um leiðir til lausna eru

teknar og spyrjast fyrir um hvernig gangi. Ef leiðir til lausna virðast ekki virka sem skyldi verði leitað nýrra leiða. **Ábyrgð: SOV/JB/GHM/RP**

Spurning 6 *Fræðsluyfirvöld veita fullnægjandi sérfræðipjónustu.*

Þar kom fram að 23% allra sem svara telja hana ófullnægjandi og ef aðeins eru skoðuð svör þeirra sem hafa skoðun á málinu eru 60% sáttir en 40% ósáttir.

Sviðsstjóri skóla – og tólmstundasviðs hefur fengið niðurstöðurnar sendar og mun ásamt fræðslunefnd gera tillögur til úrbóta hvað þær varðar.

Könnun meðal annarra starfsmanna en kennara

Hér er fjallað um þær spurningar sem féllu utan settra viðmiðunarmarka. Spurningar eitt og tvö skarast og úrbótaáætlanir vegna þeirra eru teknar saman.

Í spurningu 1 var spurt um samskipti nemenda og starfsfólks. Viðmið var að 90% starfsmanna teldu þau oftast jákvæð en slík svör voru 69%.

Í spurningu 2 var spurt um álit á samskiptum milli nemenda í skólanum. Þar svöruðu 75% að þau teldu samskiptin yfirleitt jákvæð sem er nokkuð frá viðmiðunarmarki.

Að byggja upp og viðhalda jákvæðum samskiptum er stöðugt verkefni innan skólans. Unnið er samkvæmt Uppbyggingarstefnu og í farvatninu er að vinna enn markvissar að þessum þætti á komandi mánuðum í samræmi við áherslur í nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla. Að öðru leyti er lagt til að:

- stjórnendur fundi með starfsmönnum til að greina stöðuna frekar og móta tillögur sem geta orðið til að bæta samskipti þeirra og nemenda. **Ábyrgð: SOV/JB**
- stjórnendur fundi með nemendaráði og óski eftir tillögum frá ráðinu að vinnu sem gæti orðið til að bæta samskipti milli nemenda. **Ábyrgð: SOV/GHM**

Spurning 5 *Í GÍ er lögð mikil áhersla á samvinnu starfsfólks.*

Svör voru nokkuð langt frá viðmiðunarmarki, eða 17,5 prósentustigum. Lagt er til að:

- stjórnendur fundi með starfsmönnum og velti upp möguleikum á frekara samstarfi bæði meðal þeirra innbyrðis og milli þeirra og kennara. **Ábyrgð: SOV/JB/RP**

Spurning 6 *Ég get fengið þá símenntun sem ég tel mig þurfa.*

Hér voru svör nokkuð langt frá viðmiðum teymisins og því er lagt til að: í starfsmannasamtölum í febrúar verði lögð sérstök áhersla á að ræða möguleika á símenntun og finna leiðir til að bæta úr þeirri þörf sem starfsmenn finna fyrir. **Ábyrgð: SOV/RP**

Spurningar 8 og 9 fjölluðu um stuðning stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar við skólastarf. Sviðsstjóri skóla – og tómstundasviðs hefur fengið niðurstöðurnar sendar og mun ásamt fræðslunefnd gera tillögur til úrbóta hvað þær varðar.

Könnun meðal kennara

Hér er fjallað um þau svör féllu utan settra viðmiðunarmarka.

Í spurningu 2 var spurt um álit kennara á samskiptum milli nemenda. Viðmið var að 90% kennara teldu þau yfirleitt jákvæð en slík svör voru 84%. Jákvæð samskipti milli nemenda eru langtímaverkefni. Unnið er samkvæmt Uppbyggingarstefnu og í farvatninu er að vinna enn markvissar að þessum þætti á komandi mánuðum í samræmi við áherslur í nýrri aðalnámskrá fyrir grunnskóla. Að öðru leyti er lagt til að:

- stjórnendur fundi með nemendaráði og óski eftir tillögum frá ráðinu að vinnu sem gæti orðið til að bæta samskipti milli nemenda. **Ábyrgð: SOV/GHM**

Spurning 7 Meðal kennara skólans fer fram málefnaleg og gagnrýnin umræða um skólastarf.

Viðmið teymisins var að 90% kennara væru frekar eða mjög sammála því að innan skólans fari fram málefnaleg umræða um skólastarf. Svör 76% kennara féllu á þann veg. Í skólanum starfa bæði teymi sem sjá um margskonar skólatengd verkefni og leshópar sem nú eru að lesa nýja aðalnámskrá. Leshóparnir og teymin munu starfa áfram á næsta ári og þá verður meginviðfangsefni þeirra að vinna að nýrri skólanámskrá. Að öðru leyti er lagt til að:

- á kennarafundi þann 8. apríl verði óskað eftir tillögum frá kennurum um hvernig efla megi málefnalega umræðu í skólanum. **Ábyrgð: SOV/JB**
- gerðar verði tillögur að breytingum á kennsluáætlanagerð í skólanum þannig að frá og með haustinu 2013 geri allir kennarar grein fyrir í áætlunum hvernig grunnþættir menntunar eru fléttaðir inn í námsgreinar sem þeir kenna. **Ábyrgð: Kennarar og stjórnendur.**

Spurning 8 Í GÍ er lögð mikil áhersla á samvinnu starfsfólks.

Viðmið var að 90% svara féllu í svarmöguleikana mjög sammála eða sammála. 85% svara féllu á þann veg. Lagt er til að í starfsmannasamtölum í febrúar verði kennarar beðnir um að tilgreina sérstaklega hvernig þeir sjá fyrir sér frekari samstarfsmöguleika á sínu sviði.

Ábyrgð: SOV/JB/GHM/RÞ

Spurning 10, Ég get fengið þá símenntun sem ég tel mig þurfa.

Viðmið teymisins var að 90% kennara væru sammála þessari fullyrðingu, en aðeins 67% svara féllu á þann veg. Því er lagt til að í starfsmannasamtölum í febrúar verði símenntun rædd sérstaklega. **Ábyrgð: SOV/JB/GHM/RÞ**

Í spurningu 11 var spurt um stuðning stjórnenda við starfsþróun kennara. Viðmið teymisins var að allir kennarar væru sammála því að stjórnendur styddu starfsþróun þeirra en 85% svara

féllu á þann veg. Engir kennarar voru þó ósammála þessari fullyrðingu en 15% svara voru hlutlaus. Því er lagt til að í starfsmannasamtölum í febrúar verði rætt sérstaklega um hvernig kennarar sjá fyrir sér að stjórnendur geti stutt betur við starfsþróun þeirra. **Ábyrgð:**
SOV/JB/GHM/RP

Í spurningum 13, 14, 15 og 16 var spurt um stuðning stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar við skólastarfið. Sviðsstjóri skóla – og tómstundasviðs hefur fengið niðurstöðurnar sendar og mun ásamt fræðslunefnd gera tillögur til úrbóta hvað þær varðar.

10. Endurmat

Endurmat vegna þeirra þátta sem kölluðu á opinbera úrbótaáætlun mun fara fram í janúar 2014.

Fylgiskjöl

I Nemendakönnun

1. Hversu oft hefur þú leitað til stjórnenda skólans á þessu eða síðasta skólaári með..

	aldrei	1-2	3-4	5-6	oftar
mál er varða samskipti?		<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>		<input type="radio"/>
mál er varða nám eða kennslu?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input checked="" type="radio"/>	<input type="radio"/>
mál er varða annað en að ofan greinir?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

2. Hversu auðvelt telur þú að leita til stjórnenda skólans?

- Mjög auðvelt
- Frekar auðvelt
- Hef ekki reynslu af því
- Frekar erfitt
- Mjög erfitt

3. Hversu auðvelt telur þú að koma skoðunum þínum á framfæri við skólastjórnendur?

- Mjög auðvelt
- Frekar auðvelt
- Hef ekki reynslu af því
- Frekar erfitt
- Mjög erfitt

4. Hvernig finnst þér skólastjórnendur bregðast við erindum þínum?

- Mjög vel
- Oftast vel
- Hvorki vel né illa
- Frekar illa
- Mjög illa

5. Annað sem þú vilt taka fram:

II Foreldrakönnun

1. Hversu oft hefur þú leitað til stjórnenda skólans á þessu/síðasta skólaári með mál er varða..

	aldrei	1-2 sinnum	3-5 sinnum	6-9 sinnum	oftar
samskipti?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
nám eða kennslu?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
annað en að ofan greinir?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

2. Hvernig finnst þér að að leita til stjórnenda skólans með mál tengd skólagöngu barnsins þíns?

- Mjög auðvelt
- Frekar auðvelt
- Hef ekki reynslu af því
- Frekar erfitt
- Mjög erfitt

3. Hafa stjórnendur lagt sig fram við að leysa úr viðfangsefnum sem þú hefur komið með til þeirra?

- Alltaf
- Oftast
- Hvorki né
- Sjaldan
- Aldrei
- Hef ekki reynslu af því

4. Hafi komið upp mál varðandi þitt barn í skólanum, hvernig var það leyst?

- Hef ekki reynslu af slíku.
- Málið var leyst með jákvæðum hætti fyrir barnið.
- Málið var leyst með neikvæðum hætti fyrir barnið.
- Engin lausn fannst.

Annað sem þú vilt taka fram:

Spurningar 5 og 6 snúast um stuðning fræðslufirvalda við skólastarfið.
Hversu sammála eða ósammála ertu þessum fullyrðingum?

5. Fræðslufirvöld leggja áherslu á gott og öflugt skólastarf.

- Mjög sammála
- Sammála
- Hef ekki skoðun
- Ósammála
- Mjög ósammála

6. Fræðslufirvöld veita fullnægjandi sérfræðipjónustu.

- Mjög sammála
- Sammála
- Hef ekki skoðun
- Ósammála
- Mjög ósammála

Annað sem þú vilt taka fram:

7. Hvernig líkar þér við þær breytingar sem orðið hafa á matseðli í mötuneyti skólans?

- Vel
- Hlutlaus
- Illa
- Er ekki með barn í mat í mötuneyti.

Annað sem þú vilt taka fram:

8. Hversu skólavænt telur þú samfélagið í Ísafjarðarbæ vera á bilinu 1-5, þar sem 5 er best og 1 er lakast?

- 5
- 4
- 3
- 2
- 1

III Könnun fyrir aðra starfsmenn en kennara

1. Hver eftirtalinna fullyrðinga lýsir best samskiptum nemenda og starfsfólks að þínu mati?

- Samskipti starfsfólks og nemenda eru almennt góð og agavandamál fátíð.
- Samskipti starfsfólks og nemenda eru yfirleitt góð og starfsfólk ræður vel við þau mál sem upp koma.
- Samskipti starfsfólks og nemenda eru stundum erfið og vandamál nokkur.
- Samskipti starfsfólks og nemenda eru erfið og vandamál algeng.

2. Hver eftirtalinna fullyrðinga lýsir best samskiptum nemenda í skólanum að þínu mati?

- Samskipti nemenda eru yfirleitt góð og árekstrar fátíðir.
- Samskipti nemenda eru yfirleitt góð en árekstar verða öðru hverju.
- Samskipti nemenda eru stundum erfið og árekstrar talsverðir.
- Samskipti nemenda eru erfið og mikið um árekstra.

3. Hversu auðvelt er aðgengi að stjórnendum skólans að þínu mati?

- Mjög auðvelt
- Frekar auðvelt
- Hef ekki reynslu af því
- Frekar erfitt
- Mjög erfitt

4. Annað sem þú vilt taka fram:

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?

5. Í Gí er mikil áhersla lögð á samvinnu starfsfólks.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

6. Ég get fengið þá símenntun sem ég tel mig þurfa.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

7. Annað sem þú vilt taka fram:

Spurningar 6-7 fjalla um stuðning fræðslufirvalda við skólastarfið.

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum um stuðning fræðslufirvalda (stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar) við skólastarfið?

8. Fræðslufirvöld leggja áherslu á gott og öflugt skólastarf.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

9. Fræðslufirvöld í Ísafjarðarbæ veita fullnægjandi sérfræðipjónustu.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

10. Annað sem þú vilt taka fram:

11. Hversu skólavænt telur þú samfélagið í Ísafjarðarbæ vera á kvarðanum 1-5, þar sem 5 er best og 1 er lakast?

- 5
- 4
- 3
- 2
- 1

IV Könnun meðal kennara

1. Hver eftirtalinna fullyrðinga lýsir best samskiptum nemenda og starfsfólks að þínu mati?

- Samskipti starfsfólks og nemenda eru almennt góð og vandamál fátíð.
- Samskipti starfsfólks og nemenda eru yfirleitt góð og starfsfólk ræður vel við þau mál sem upp koma.
- Samskipti starfsfólks og nemenda eru stundum erfið og vandamál talsverð.
- Samskipti starfsfólks og nemenda eru erfið og vandamál algeng.

2. Hver eftirtalinna fullyrðinga lýsir best samskiptum nemenda í skólanum að þínu mati?

- Samskipti nemenda eru yfirleitt góð og árekstrar fátíðir.
- Samskipti nemenda eru yfirleitt góð en árekstar verða öðru hverju.
- Samskipti nemenda eru stundum erfið og árekstrar nokkuð tíðir.
- Samskipti nemenda eru erfið og árekstrar algengir.

3. Framþróun náms og kennslu í skólanum er að þínu mati einkum tilkomin ...

- vegna frumkvæðis kennara.
- sem samstarfsverkefni kennara og stjórnenda.
- vegna tilmæla frá skólastjórnendum.
- vegna tilmæla frá fræðslufirvöldum.

4. Framtíðarsýn í GÍ er að þínu mati fyrst og fremst mótuð...

- af fræðslufirvöldum.
- af skólastjórnendum.
- í samstarfi kennara og stjórnenda.
- af kennurum.

5. Hversu auðvelt er aðgengi að stjórnendum skólans að þínu mati?

- Mjög auðvelt
- Frekar auðvelt
- Hef ekki reynslu af því
- Frekar erfitt
- Mjög erfitt

6. Annað sem þú vilt taka fram:

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?

7. Meðal kennara skólans fer fram gagnrýnin og málefnaleg umræða um skólastarf.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

8. Í GÍ er mikil áhersla lögð á samvinnu starfsfólks.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

9. Skólastjórnendur sýna þróunarverkefnum áhuga og styðja við þau.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

10. Ég get fengið þá símenntun sem ég tel mig þurfa.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

11. Í GÍ er starfsþróun kennara vel studd af stjórnendum.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

12. Annað sem þú vilt taka fram:

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum um stuðning fræðslufirvalda (stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar) við skólastarfið?

13. Fræðslufirvöld í Ísafjarðarbæ sýna þróunarverkefnum áhuga og styðja við þau.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

14. Fræðslufirvöld í Ísafjarðarbæ styðja vel við starfsþróun kennara.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

15. Fræðslufirvöld leggja áherslu á gott og öflugt skólastarf.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

16. Fræðslufirvöld í Ísafjarðarbæ veita fullnægjandi sérfræðiþjónustu.

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki sammála né ósammála
- Ósammála
- Mjög ósammála

17. Annað sem þú vilt taka fram:

18. Hversu skólavænt telur þú samfélagið í Ísafjarðarbæ vera á kvarðanum 1-5, þar sem 5 er best og 1 er lakast?

- 5
- 4
- 3
- 2
- 1